

Ed.

951. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja til eflingar bindindisstarfsemi í landinu sem samsvarar tveim hundraðshlutum af árlegum hagnaði áfengisverzlunar ríkisins á meðan hreinn hagnaður af verzluninni nemur 35 milljónum króna eða þar yfir. Nú verður hagnaður af verzluninni minni, og má þá verja til þessarar starfsemi fé sem samsvarar þrem hundraðshlutum hagnaðarins, ef hann nemur 20—35 milljónum, en fjórum hundraðshlutum, ef hagnaðurinn nemur enn minni upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsyn þykir bera til, að bindindissamtökin í landinu verði styrkt með meiri fjárframlögum af hálfu hins opinbera en til þeirra hefur verið varið til þessa. Einkum er brýn þörf á, að komið verði upp fullnægjandi húsnæði fyrir starfsemi templara í Reykjavík, en að því loknu má gera ráð fyrir, að halda þurfi áfram svipuðum framkvæmdum.

Í frumvarpinu er ætlað til, að féð verði greitt beint úr ríkissjóði, en miðað við hagnað áfengisverzlunar ríkisins, þó svo, að hundraðshlutinn, sem til starfseminnar er ætlaður, verði meiri eftir því sem úr áfengissölnunni dregur.